



Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. nóvember 2007
Tilvísun: 2007100014
Bréfalykill: 22.2

Efni: Allt að 6,0 MW virkjun í Brúará, Bláskógabyggð. Tilkynning um matsskyldu.

Orkustofnun hefur með bréfi frá Skipulagsstofnun, dags. 24. október 2007, borist beiðni um að veita umsögn um téð mál. Í samræmi við hlutverk sitt fjallar stofnunin fyrst og fremst um erindið með hliðsjón af áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á nýtingu auðlindarinnar.

Tilhögun umræddrar virkjunar ræðst af eiginleikum Brúará, sem er lindá með til að gera jöfnu rennsli allt árið. Virkjunin er rennslisvirkjun með litlu inntakslóni (1,25 ha) sem spannar um 200 m af árfarveginum. Aðrennslispípa að stöðvarhúsi og frárennslisskurður eru samtals tæpir 700 m og samkvæmt því getur sá hluti farvegarins þornað við lágrennsli í einstökum árum.

Til eru eldri hugmyndir um virkjun á þessum slóðum. Í þeim var gert ráð fyrir að virkja frá um 156-159 m y.s. niður að um 80 m y.s. ýmist í þrepum eða í einni virkjun. Sú sem hér um ræðir samsvarar einu þrepanna af þremur. Fyrir þessu er gerð grein í framlögðum gögnum framkvæmdaaðila. Að ofansögðu má ljóst vera að þessi virkjun hindrar á engan hátt að nýta megi síðar meira af fallorku árinna. Orkustofnun telur að út frá nýtingarsjónarmiðum sé ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því sé ekki þörf fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir